

AUGLÝSING

um nýtt deiliskipulag og breytingu á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Grundarstígsreitur.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkurborgar þann 22. september 2011, deiliskipulag Grundarstígsreit sem afmarkast af Grundarstíg, Spítalastíg, Þingholtsstræti og Skálholtsstíg. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Grettisgata 18a.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsráð Reykjavíkurborgar þann 23. nóvember 2011, breytingu á deiliskipulagi Ölgerðarreits vegna lóðarinnar nr. 18a við Grettisgötu. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstjóri Reykjavíkurborgar, 25. nóvember 2011.

Ólöf Örvarsdóttir.